

Samningsfyrirmynd gerð í samvinnu Fjölís og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. janúar 2017

Samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í sveitarfélögum

I. Aðild

1. gr.

Aðilar samnings þessa eru annars vegar

Garðabær, 57.01.69-6109

hér eftir nefndur leyfishafi,

og hins vegar Fjölís, kt. 491285-0289, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík, hagsmunafélag samtaka, sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkuðum sem njóta höfundaréttarverndar sbr. 4. mgr. 26. gr. a í höfundalögum nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Fjölís hefur sérstakt umboð frá erlendum systursamtökum sínum til að fara með réttindi, sem samningur þessi tekur til hér á landi. Öll erlend systursamtök Fjölíss njóta viðurkenningar í heimalandi sínu og starfa innan IFRRO (International Federation of Reproduction Rights Organizations).

Samningur þessi er efnislega samhljóða öðrum samningum Fjölís við sveitarfélög sem byggður er á samningsfyrirmynd gerðri í samvinnu Fjölís og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. júní 2003.

II. Gildissvið og skilgreiningar

2. gr.

Samningurinn tekur til ljósritunar og annarrar hliðstæðrar eftirgerðar verka, sem höfundaréttarverndar njóta og notuð eru í stjórnsýslu og stofnunum sveitarfélagsins.

Undir stjórnsýslu sveitarfélaga falla allir málaflokkar sveitarfélaga s.s. íþróttar- og æskulýðsmál, menningarmál, ferðamál, félagsþjónusta og fleira að undanskildum fræðslustofnunum. Þá falla undir samningana einnig sérstakar stofnanir þeirra s.s. söfn, þjónustumiðstöðvar, menningarstarfsemi, tómstunda- og fræðslustarfsemi auk byggðasamlaga og annarra fyrirtækja og stofnana.

Með hliðstæðri eftirgerð er átt við að gerð séu eitt eða fleiri afrit af verkinu í sama eða öðru formi og frumritið sbr. þó takmarkanir í 3. og 4. gr.

Afritun á glærur og skyggjur telst eftirgerð hliðstæð ljósritun í samningi þessum.

Samningurinn heimilar miðlun eintaka af stafrænu efni í gegnum lokaða vefi sveitarfélagsins þar sem það er aðgengilegt starfsmönnum, skjólstæðingum og viðskiptavinum. Hann tekur einnig til stafrænnar dreifingar efnis með tölvupósti.

Samningurinn tekur ekki til fjölföldunar með öðrum hætti, svo sem með upptöku verka á hljóðrit, myndbönd eða kvikmyndir, eða til eintakagerðar í véllæsilegu formi.

3. gr.

Samningur þessi tekur til útgefinna verka sbr. 2. mgr. 3. gr. höfundalaga.

Með útgefnu verki er átt við útgefin rit s.s. bækur, tímarit, dagblöð, nótnahefti, landakort o.þ.h. svo og listaverk, ljósmyndir, leiksviðsverk, skrár og töflur, enda njóti verkið verndar samkvæmt höfundalögum.

Samningurinn tekur ekki til hljóðrita, myndbanda og kvikmynda.

Hver einstakur höfundur getur lagt skriflegt bann við fjölföldun á eigin verki sbr. 3. mgr. 26. gr. a höfundalaga nr. 73/1972 og ber Fjölís þá jafnframt að tilkynna leyfishafa um þá ákvörðun.

4. gr.

Afritun samkvæmt samningi þessum er eingöngu heimil til viðbótar og uppfyllingar öðru efni svo og venjulegum bókum og að öðru leyti með þeim takmörkunum sem hér segir:

a. Aðeins má afrita stutta þætti úr hverju útgefnu verki og 20% hið mesta, þó aldrei meira en 30 síður á nemanda. Þó má afrita heila bókarkafla og tímaritsgreinar.

b. Takmarkanir í a.lið eiga ekki við um rit sem gefin eru út með reglulegu millibili, svo sem dagblöð, vikurit og önnur tímarit. Þó má ekki afrita fleiri en tvær greinar úr hverju tímariti nema til þess komi sérstakar aðstæður t.d. ef viðkomandi tímarit er ófáanlegt á almennum markaði eða aflað hafi verið sérstakrar heimildar frá Fjölís.

c. Samningurinn heimilar ekki afritun sem talist getur útgáfa og gera skal útgáfusamning um. Afritun efnis til dreifingar meðal almennings telst útgáfa og er því ekki leyfileg.

d. Aðgangur að efni sem sett er inn á rafrænan gagnagrunn samkvæmt þessum samningi skal vera takmarkaður við starfsmenn og skjólstæðinga/viðskiptavini sveitarfélagsins.

e. Afrit umfram framangreint skal aðeins gera að fenginni heimild rétthafa.

5. gr.

Með afritaðri síðu samkvæmt a. lið 4. gr. í samningi þessum er átt við síðu afrits af stærðinni A4. Séu síður af annarri stærð reiknast stærð þeirra hlutfallslega miðað við A4.

Hver nótnasíða jafngildir samkvæmt samningi þessum fimm blaðsíðum, hver dagblaðssíða þremur blaðsíðum, hver ljóðasíða þremur blaðsíðum og hver síða leiksviðsverks tveimur blaðsíðum.

Ef texti fylgir nótum á sömu síðu skal telst textinn vera á annarri síðu en nóturnar.

Sama gildir um mynd, teikningu eða uppdrátt með skýringartexta.

6. gr.

Samkvæmt 13. gr. skulu samningshafar beina því til aðila sem samningurinn nær til að virða eftirfarandi:

Eftirfarandi áminning um höfundarétt skal fylgja hverju verki sem afritað er og/eða dreift skv. samningi þessum.

„Um verk þetta gilda reglur höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum. Óheimilt er að afrita verkið eða dreifa því utan þeirra heimilda sem höfundalög og samningur um afritun veita. Þá er einnig óheimilt að breyta verkinu á nokkurn hátt.

Á afritinu og/eða við dreifingu þess skulu fylgja upplýsingar um titil verka og höfund þeirra. Einnig nöfn útgefenda, útgáfustað, útgáfuár og blaðsíðunúmer vegna afrita sem tekin eru úr bókum og árgang tímarits, númer tölublaðs og dagsetningu vegna afrita úr tímaritum.

III. Gildistími samnings

7. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2017 og endurnýjast sjálfkrafa nema honum sé sagt upp.

Uppsögn samnings skal berast hinum aðilanum með sex mánaða fyrirvara.

IV. Endurgjald til Fjölís

8. gr.

Fyrir lögmæta fjölföldun samkvæmt samningi þessum skal greiða gjald, kr. 590 fyrir hvern starfsmann sveitarfélags fyrir utan þá starfsmenn sem falla undir fræðslustofnanir sveitarfélaga.

Gjaldið er verðtengt á þann hátt að það tekur breytingum frá 1. janúar 2017 til hvers gjalddaga í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á tímabilinu. Vísitala neysluverðs í janúar 2017 er 436,5 stig.

Fjöldi starfsmanna sem lagður er til grundvallar við útreikninga á fjölda gjaldskyldra eintaka tekur mið af upplýsingagjöf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Fjölís í janúar ár hvert. (sbr. Árbók sveitarfélaga)

V. Gjald dagar

9. gr.

Gjald dag þóknunar fyrir hvert ár er 1. mars ár hvert. Eindagi er 30 dögum síðar.

Verði dráttur á greiðslu á réttum gjalddaga skal greiða dráttarvexti í samræmi við III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og skulu þeir vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 6. gr. laganna.

VI. Utanaðkomandi kröfur

10. gr.

Fjölís ábyrgist allar kröfur, sem kunna að koma frá handhöfum höfundarréttar, eða höfundarréttarsamtökum sem standa utan Fjölís og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra rita. Leyfishafi tekur enga afstöðu til slíkra krafna eða annars ágreinings um höfundarétt milli Fjölís annars vegar og einstakra handhafa höfundarréttar eða höfundarréttarsamtaka, sem standa utan Fjölís, hins vegar.

VII. Kynning

11. gr.

Samningsaðilar munu hafa samstarf um að kynna efni samnings þessa, þeim aðilum sem samningurinn nær til, þ.e. þá þætti hans sem lúta að heimildum til afritunar og dreifingar. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að birta helstu reglur samningsins á heimasíðu sinni. Að sama skapi skuldbindur Fjölís sig til að hafa kynningarefni um innihald samningsins aðgengilegt á heimasíðu sinni og eftir atvikum ráðast í sérstakt kynningarátak.

VIII. Ágreiningur o.fl.

12. gr.

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefnið með samkomulagi. Takist aðilum það ekki skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

13. gr.

Allar tilkynningar milli aðila samkvæmt samningi þessum skulu sendar með sannanlegum hætti. Viðtakendur tilkynninga eru:

A. Fjölís, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík, fjolis@fjolis.is

B. Garðabær, Garðatorgi 7, 210 GARÐABÆ

Reykjavík 1. febrúar 2017

f.h. Fjölís

f.h. Garðabæjar

